
1. FUNDUR Í SKÓLARÁÐI SJÁLANDSSKÓLA 13. JANÚAR 2022

Mættir: Sesselja Þóra Gunnarsdóttir skólastjóri, Ósk Auðunsdóttir aðstoðarskólastjóri, Tómas Þór Jacobsen fulltrúi grenndarsamfélags, Klara Þorbjörg Einarsdóttir fulltrúi nemenda, Ingvar Jarl Eineborg, fulltrúi nemenda, Ingunn Þóra Hallsdóttir fulltrúi kennara, Guðrún Dóra Jónsdóttir fulltrúi kennara, Áslaug Thelma Einarsdóttir fulltrúi foreldra.

Dagskrá skólaráðsfundar:

1. Skólareglur og viðbragðsáætlanir
2. Félagsstarf Klakans
3. Skólastarf á tímum Covid-19
4. Önnur mál

FUNDARGERÐ

Fimmtudaginn 14. janúar kom skólaráð saman á fjarfundi til 1. fundar ársins 2022

Fundarefni:

1. Skólareglur og viðbragðsáætlanir

Starfsfólk Sjólandsskóla fór í sameiginlega vinnu í haust til að uppfæra skólareglur og vinnulag vegna hegðunarfrávika. Afrakstur vinnunnar var lögð fyrir fundinn sem samþykkti skólareglurnar og vinnulag vegna hegðunarfrávika. Í Sjólandsskóla er lögð áhersla á að byggja upp skólabrag sem einkennist af vinsemd, ábyrgð og virðingu.

Skólareglur Sjólandsskóla eru eftirfarandi:

1. Skólinn er vinnustaður okkar allra, hver nemandi og starfsmaður á rétt á því að fá frið til að vinna sína vinnu.
2. Við virðum hvert annað, hjálpumst að og komum vel fram við alla í orði og verki.
3. Við fylgjum fyrirmælum allra starfsmanna og tökum ábyrgð á eigin hegðun.
4. Við komum með hollt nesti í skólann.
5. Við hugsum vel um skólann, eigur okkar og annarra.
6. Við göngum hljóðlega um og sýnum tillitssemi í allri umgengni í skólanum og á skólalóðinni.
7. Skólalóðin er leiksvæði okkar allra og við sýnum sanngirni og virðingu í leik og starfi.
8. Við notum ekki snjalltæki á skólatíma án leyfis starfsmanna.
9. Notkun rafretta, tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er með öllu óheimil.

Vinna er hafin við að setja skólareglurnar upp í aðlaðandi smiðmát með það að markmiði að skólareglurnar verði sýnilegri í skólanum. Í þessari vinnu var ákveðið að á hverju hausti

sé unnið markvisst með skólareglurnar í öllum árgöngum og að nemendur fá fræðslu og þjálfun varðandi greinarmun á æskilegri hegðun og hegðunarfrávikum.

Uppfært vinnulag vegna hegðunarfrávika má sjá á heimasíðu skólans. Frávik frá skólareglum er skipt upp í 3 stig eftir alvarleika. Úrvinnsla 1. stigs hegðunarfrávika er í höndum kennara/ starfsmanns, 2. stigs hegðunarfrávik í höndum umsjónarkennara / kennara með aðkomu verkefnastjóra, 3. stig hegðunarfrávik eru unnin af stjórnendum og kennurum.

2. Félagsstarf Klakans

Félagsstarf Klakans hefur verið takmarkað vegna Covid-19. Jólaskemmtun unglिंगadeildar var frestað, 10. bekkjar gistinótt var frestað. Skíðaferð Klakans, 14. – 17. mars, er á dagskrá og sömuleiðis útskriftarferð 10. bekkjar í vor.

Dagskrá Klakans tekur mið af ástandi samfélagsins vegna Covid – 19. Félagsmálavalið og nemendaráð gladdi nemendur á unglिंगastigi í desember með vöfflum og kakói.

Miðdeildarstarf með Urriðaholtsskóla hefur ekki verið vegna Covid-19.

Umræður um að hugsa út fyrir boxið og finna eitthvað skemmtilegt að gera sem er framkvæmanlegt á tímum heimsfaraldurs. Umræða um að Klara og Ingvar fundi t.d. með 10. bekk til að fá hugmyndir frá nemendum. Fulltrúi foreldra kom á framfæri ánægju foreldra með félagsmiðstöðina Klakann.

3. Almennt um skólastarfið í ljósi Covid-19

Skólastarfið hefur gengið vel, það hafa verið að koma upp fá smit sem hafa haft áhrif skólastarfið en smitakning hefur þó verið að aukast. Starfshópurinn stendur saman í því að láta skólastarfið ganga upp þrátt fyrir ýmsar krefjandi áskoranir.

4. Önnur mál

Foreldrafélagið óskar eftir upplýsingum um stöðu á lestrarfærni barna í skólanum og ætlar að senda inn fyrirspurn þess efnis.

Nemendafélagið óska eftir því að hafa túrvörur á öllum böðum og hitapoka hjá hjúkrunarfræðingi. Umræður um staðsetningu fyrir vörurnar á unglिंगasvæði því það hefur reynt erfitt að hafa vörur á öllum salernum. Þessar vörur eiga að vera til staðar og verður þessu kippt í lag.

Nemendafélagið óskar eftir því að færa Klakann á þriðjudaga og fimmtudaga í stað mánudaga og miðvikudaga. Forstöðumaður Klakans segir beiðnina í skoðun.

Nemendafélagið óskar eftir því að gera baðherbergin meira kósý, t.d. með jákvæðum skilaboðum á spegilinn, umræða um að það sé hægt að nota m.a. 3D prentarann til að prenta út skilaboð. Nemendafélagið fær leyfi til að útfæra þessa beiðni.

Nemendafélagið bendir á að sturturnar í íþróttklefanum eru of kaldar og það er of lítill tími til að fara í sturtu eftir íþróttir. Sesselja skólastjóri ætlar að athuga með sturturnar.

Nemendafélagið leggur til að hafa plokk – bingó með verðlaunum.

Nemendafélagið óskar eftir því að aftur verði prufað að leyfa tónlist í ákveðnum tímum með skilyrðum eins og t.d. hafa í einu eyra og ekki í innlögnum. Hafa reglur skýrar og prófa í einhvern tíma. Sesselja skólastjóri nefnir að þetta sé umræða sem þarf að fara fram á breiðari vettvangi m.a. með kennurum unglingadeildar og verður beiðnin skoðuð með þeim.

Fundargerð ritaði:

Ósk Auðunsdóttir